



## Fundargerð

26. fundur öldungaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Nesvöllum  
4. maí 2026, kl. 14:00

Viðstaddir: Borgar Jónsson formaður, Birna Þórðardóttir, Rúnar V. Arnarson, fulltrúar Reykjanesbæjar, Guðrún Eyjólfsdóttir, Ingibjörg Magnúsdóttir, Kristján G. Gunnarsson, fulltrúar Félags eldri borgara og Rósa Víkingsdóttir, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Að auki sátu fundinn Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri öldrunar- og stuðningsþjónustu og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Karítas Lára Rafnkelsdóttir boðaði forföll og sat Birna Þórðardóttir fundinn í hennar stað.

\* \* \*

### 1. Öryggishnappar - kynning (2026040407)

Mortan Holm Gíslason og Ómar Örn Jónsson frá Securitas mættu á fundinn og fóru yfir helstu upplýsingar um öryggishnappa og öryggiskerfi, m.a. nýjungar eins og hnappa með gps staðsetningarbúnaði sem hægt er að nota utandyra.

### 2. Heilsuvernd eldra fólks (2026040408)

Rósa Víkingsdóttir frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja kynnti heilsuvernd eldra fólks.

### 3. Heimsendur matur (2023070388)

Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri öldrunar- og stuðningsþjónustu, fór yfir upplýsingar um niðurgreiðslu heimsendis matar hjá öðrum sveitarfélögum. Fram kom að niðurgreiðsla máltíða er mjög lág hjá Reykjanesbæ í samanburði við önnur sveitarfélög.

Öldungaráð lýsir yfir óánægju með lága niðurgreiðslu heimsendis matar hjá Reykjanesbæ og skorar á bæjarstjórn að endurskoða niðurgreiðsluna.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:21.